

AUGLÝSING um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi Tjarnar- og Hlíðardals úr landi Reykjadals.*

Í breytingunni felst m.a. að vegur um Tjarnardal verður framlengdur og fer norður fyrir lóð nr. 9 og tengist þannig núverandi botnlanga við Hlíðardal. Vegur um Hlíðardal verður styttur þannig að hann mun eingöngu ná að lóðinni Hlíðardalur 5. Í tengslum við breytingar á vegum breytast heiti og númer lóðanna og minniháttar breytingar verða á stærðum nokkurra lóða og byggingarreita.

Samþykkt í sveitarstjórn 6. desember 2012.

Samsvarandi breyting á deiliskipulagi var samþykkt í sveitarstjórn 11. ágúst 2011 og birtist auglýsing nr. 1072 um gildistöku hennar í B-deild Stjórnartíðinda 23. nóvember 2011. Sú breyting er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrír mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.

2. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar við Tjarnar- og Hlíðardal úr landi Reykjadals.*

Í breytingunni felst að heimilt verður að reisa allt að 40 m^2 aukahús í stað 10 m^2 og þakhalli má vera á bilinu 0-45 gráður í stað 18-45 gráður.

Samþykkt í sveitarstjórn 6. desember 2012.

Samsvarandi breyting á deiliskipulagi var samþykkt í sveitarstjórn 3. febrúar 2011 og birtist auglýsing nr. 813 um gildistöku hennar í B-deild Stjórnartíðinda 30. ágúst 2011. Sú breyting er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrír mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlutið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 18. febrúar 2013.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingí Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 20. febrúar 2013